

**Nd.**

**395. Breytingartillaga**

[73. mál]

við brtt. á þskj. 356 [Útvarpslög].

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 1. brtt. a-liður hennar orðist svo:

a. 1. mgr. orðist svo:

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenzka tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennata, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttabjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólk á öllum aldri.